



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2021

haldinn 2. desember 2021.

Fundargerð

Fundur var settur kl. 19:30.

Mætt

- á fundarstað: *Bryndís Scheving, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Eiríkur Þorláksson, Georg Páll Skúlason, Hafþór B. Guðmundsson, Ragnar Þórisson, Sigríður V. Bragadóttir og Sæmundur Arnason.*
- í gegnum fjarfundarbúnað: *Anna Svandís Helgadóttir, Eyjólfur Óli Jónsson, Gísli B. Ívarsson og Snæbjörn Stefánsson.*

Bryndís Scheving formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Hafþóri B. Guðmundssyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða. Formaður stakk upp á Eiríki Þorlákssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Bryndís Scheving formaður kynnti skýrslu stjórnar (sjá umrædda ársskýrslu sem lögð verður fram á vefsíðu Dalbúa).

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. mótanefndar og vallarnefndar, þar sem þær nefndir gera sérstaka grein fyrir þeim annars vegar mótahaldi sumarsins og hins vegar vinnu við völlinn.

Nýliðið rekstrarár var afar gott að flestu leyti; veðrið lék við kylfinga í Miðdal sem og annars staðar, umhirða vallarins var til fyrirmyndar og völlurinn afar góðu ástandi líkt og undanfarin ár. Ásókn á völlinn jókst verulega frá síðasta ári, og er talið að um 5.000 manns hafi leikið á vellinum í sumar. Færri skráðu sig í gestabók en undanfarin ár, og má rekja það til þess að rástímaskráning í gegnum „GolfBox“ kerfið var tekin upp á liðnu sumri, og má ætla að flestir gestir hafi talið það næga skráningu. Almennt gekk skráning í gegnum kerfið vel og liðkaði fyrir spilamennsku á vellinum, einkum um helgar, en nokkrir hnökra komu þó í ljós sem vonandi verður hægt að lagfæra fyrir næsta sumar.

Félagsmönnum í klúbbum fjölgaði verulega á starfsárinu, og voru þeir við lok þess 139 talsins, en voru 114 í upphafi þess. Af þeim eru tæplega 100 með Dalbúa sem aðalklúbb.

Á árinu hófst samstarf við tvo nýja styrktaraðila: Samkaup er nýr styrktaraðili Dalbúa sem mun setja upp auglýsingaskilti fyrir starfsemi sína niðri við þjóðveg í Miðdal, og Danco hefur gerst samstarfsaðili um framkvæmd árlegs styrktarmóts Dalbúa.

Hefðbundinn vinnudagur klúbbsins var haldinn 8. maí, þar sem unnið var við að leggja gervigras á göngubrautir, flytja tré innan vallarsvæðisins, setja upp vökvunarkerfi, bekki o.fl. Á vinnudegi komandi árs þarf að útbúa hreinsisvæði fyrir kerrur og skó í loks golfleiks, huga að uppsetningu salernis úti á velli og fleiri verkefnum, sem hafa verið í umræðu um tíma.

Matsmenn á vegum Golfsambands Íslands komu til að taka út völlinn á liðnu hausti, og nú er nýtt vallarmat í vinnslu og er stefnt að því að það verði tilbúið fyrir vorið.

Ýmsar framkvæmdir á og við golfvöllinn í Miðdal hafa verið í deiglunni, en komust því miður ekki eins langt á liðnu ári og fyrirhugað hafði verið. Þannig var unnið áfram að



uppbyggingu nýs æfingasvæðis (vestan teiga á 7. braut), en fyrirhugað er að vinna meira að því verkefni á komandi ári. Einnig er hafin vinna við stækkun teiga við ýmsar brautir, en vegna vaxandi álags eru margar þeirra farnar að slitna fyrir sumars, þar sem þær voru upphaflega nokkuð litlar. Verður sú stækkun vonandi komin í gagnid á miðju næsta sumri.

Mótahald var með hefðbundnum hætti, en haldin voru sex vel heppnuð mót yfir sumarið á vegum klúbbsins, sem voru vel sótt, og jafnvel fullbókuð. Vildi formaður sérstaklega þakka vel unnar auglýsingar fyrir mótin, sem hafa eflaust haft sitt að segja um aðsóknina.

Líkt og árið á undan stóð klúbburinn sjálfur fyrir allri starfsemi í Miðdal. Gerðir voru samningar við verktaka um slátt og aðra umsjón með vellinum, en formaður annaðist rekstur golfskálans. - Nokkur breyting verður á þessu fyrirkomulagi næsta sumar, þar sem bæði umsjónamaður sláttar á vellinum mun hætta störfum. Vildi formaður nota tækifærið og þakka Anthony Karli Flores, sem annast hefur slátt á vellinum undanfarin ár, sérstaklega fyrir vel unnin störf, og óska honum velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Jafnframt kom fram, að formaður mun ekki annast rekstur golfskálans á næsta sumri, og mun stjórnin kynna félagsmönnum nýtt fyrirkomulag á vinnu við völlinn og í skálanum þegar það hefur verið ákveðið fyrir komandi vor.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá ársreikning 1.11.2020–31.10.2021 á vefsíðu klúbbsins).

Rekstrartekjur ársins voru um 11,7 m.kr., og rekstrargjöld rúmlega 5,5 m.kr., og afgangur frá rekstri fyrir afskriftir var því 6,7 m.kr.; að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um 4,7 m.kr. Eigið fé í árslok er um 22,7 m.kr. og skuldir nær engar.

Fram kom að góða fjárhagsstöðu má þakka fjölgun félagsmanna og auknum styrkjum, en einnig að ekki tókst að fara í ýmsar framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru, eins og fram kom í skýrslu formanns, og megi lýsa hluta stöðunnar sem „inneign vegna frestaðra framkvæmda“.

Klúbburinn á inneign á bankareikning að upphæð 3,9 m.kr. og hefur því svigrúm bæði til að kosta framkvæmdir yfir veturinn, sem og til að láta sinna nauðsynlegu viðhaldi og ýmsum viðgerðum véla fyrir næsta rekstrarsumar, samhliða því að greiða fastan kostnað fram að vori.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Í umræðum kom fram mikil ánægja með ástand vallarins í Miðdal í sumar, og þá auknu aðsókn sem varð skv. skýrslu formanns. Þá var fjölgun félagsmanna einnig fagnað, og þess vænst að á grundvelli slíkrar fjölgunar yrði fjárhagur klúbbsins tryggari í framtíðinni en áður.

Nokkur umræða varð um leigusamning klúbbsins við Grafu/RSÍ um landið sem golfvöllurinn stendur á, og kom fram að þess megi vænta að umræður um endurskoðun hans eigi sér stað á næstu árum, m.a. vegna hugmynda landeigenda um frekari uppbyggingu frístundabyggðar í Miðdal.

Fundarmenn lýstu ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldu ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Ársreikningur félagsins fyrir 2021 var samþykktur samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Engar tillögur til lagabreytinga voru lagðar fram af hálfu stjórnar, og engar slíkar tillögur bárust á fundinum, og því varð engin umræða um þennan lið.



5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:

Engar aðrar tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:

Af hálfu stjórnar var lagt til að árgjöld 2021 yrðu hin sömu og þau voru 2020, og að greiðslufyrirkomulag yrði einnig hið sama. Einnig var lagt til að ákvörðun um önnur gjöld væri vísað til stjórnar til afgreiðslu.

Var tillaga stjórnar samþykkt.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:

Fundarstjóri tilkynnti að Bryndís Scheving, formaður, byði sig fram til endurkjörs. Ekki bárust frekari framboð til formanns. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Bryndís yrði endurkjörin, og var sú tillaga samþykkt samhljóða:

- Formaður var kjörinn Bryndís Scheving.

- Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2019 rann út á fundinum, þ.e. þeirra Gísla B. Ívarssonar og Hafþórs B. Guðmundssonar. Báðir buðu sig fram til endurkjörs til tveggja ára. Ekki bárust önnur framboð, og voru þeir Gísli B. Ívarsson og Hafþór B. Guðmundsson samhljóða kjörnir stjórnarmenn til næstu tveggja ára.

- Varamenn til eins árs voru kjörnir þeir Helgi Einarsson og Ragnar Þórisson.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Georg Páli Skúlasyni til vara.

Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2022 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Gjaldkeri taldi rétt að fara varlega við gerð fjárhagsáætlunar, þrátt fyrir góða stöðu ársreiknings, en að miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

10. Önnur mál:

a) Fundarmenn ræddu merkingar teiga á vellinum í Miðdal, og voru sammála um að það ætti að hætta að nota um litmerkingar teiga á vellinum, og taka alfarið upp fjarlægðarmerkingar í staðinn, bæði í almennri spilun og á mótum. Var stjórn falið að vinna að málinu.

b) Fram kom áhugi á að næsta vor yrði haldið námskeið fyrir félagsmenn, þar sem boðið yrði upp á almenna fræðslu um golfreglur og forgjafarmál, og yrði fenginn alþjóðadómari til að standa fyrir slíkri fræðslu.

Endurkjörinn formaður, Bryndís Scheving, þakkaði fundarmönnum traustið og vonaðist eftir góðum samskiptum við félagsmenn í leik og starfi. Þá þakkaði hún sérstaklega fráfarandi umsjónarmanni vallarins, Anthony Karli Flores, fyrir framlag hans til starfsemi klúbbsins og fyrir gott samstarf undanfarin ár. Hún þakkaði einnig nefndarmönnum og öðrum sjálfboðaliðum fyrir mikilvægan þátt þeirra í öflugum starfi í Miðdal á síðasta sumri, og að endingu öllum styrktaraðilum og öðrum sem veittu starfsemi klúbbsins þann stuðning, sem væri undirstaða þess að hægt væri að halda úti öflugum starfi Dalbúa til framtíðar.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi var slitið kl. 21:00.